


HEIMAVÖRN

FYRSTU SKREFIN



FYRSTU SKREFIN


Til hamingju með Heimavörðina

Eftir að tækniþáttur Securitas hefur sett upp heimavörðina getur þú stofnað aðgang í gegnum tölvupóstinn sem þú hefur fengið. Einnig getur þú náð í Securitas appið fyrir snjallsíma eða spjaldtölvu á Google Play Store og Apple App Store án endurgjalds (sjá meira undir Snjallsímar)

1 INNSKRÁNING

Skráðu þig inn með því að opna póstinn frá Securitas sem merktur er „**Velkomin(n) til Securitas!**“

Ýttu á **Get started**, þar ferðu í gegnum kynningu á heimasíðunni. Að því búnu getur þú stýrt og fylgst með kerfinu þínu á vefnum.




2 TILKYNNINGAR (NOTIFICATIONS)


Bæði er hægt að stjórna tilkynningum á vefnum og í „Securitas Iceland“ appinu úr síma eða spjaldtölvu.

Til þess að geta fengið tilkynningar í síma þarf að vera búið að virkja einn síma (sjá lið 5 undir Snjallsímar)

Þú getur fengið tilkynningar í rauntíma (tölvupóst eða skjátilkynningar) þegar kerfið bregst við, til dæmis ef skynjari fer í gang, ef gleymist að setja kerfið á vörð eða ef dyr eru skyldar eftir opnar.



3 VIRKJADU SVÆÐISSKIPANIR (GEO-SERVICES)



Til þess að virkja svæðisskipanir þarf að vera búið að virkja landþjónustu í að lágmarki einum síma (sjá lið 6 undir Snjallsímar)


Skilgreindu svæði í kringum heimilið þar sem sjálfvirkar skipanir og stillingar eru ræstar þegar þú kemur eða ferð. Svæðisskipanir nota staðsetningu símans þíns til þess að greina þegar þú ferð að heiman eða nálgaast heimilið. Þú þarft að virkja staðsetningarþjónustuna í appinu áður en þú býrð til svæðisskipanir á heimasíðunni.

Stillingar > Staðir > Bæta við vörðu svæði > Hreyfið merkið á valinn stað


1 BÚÐU TIL KÓÐA FYRIR NOTENDUR

Búðu til notendakóða fyrir fjölskyldumeðlimi, vini eða hvern þann sem á að geta sett kerfið þitt á vörð eða tekið af verði.

Notendur > Bæta við notanda



Velja þarf ýmist „Stjórnborð“ ef notandi á að hafa aðgang að takmörkuðum svæðum eða „Tími“ til þess að ákvarða tímaafmörk kóðans. Bæði er hægt að velja „Takmörkuð áætlun“ þannig að kóðinn virki einungis á ákveðnum dögum/tímum dags og „tímabundinn aðgangur“ þannig að kóðinn hafi tímamörk og renni út og hætti að virka þegar sá tími er liðinn.




2 AÐGANGUR AÐ HEIMASÍÐU OG APPI

Þú getur búið til aðgang fyrir fjölskyldumeðlimi, vini eða hvern þann sem á að geta skráð sig inn á heimasíðu eða app og skoðað og stjórnað kerfinu þaðan.

Notendur > Stjórna innskráningum > Bæta við innskráningu

Eftir að aðgangsheimild hefur verið valin þarf að velja „save“ en þá fær viðkomandi tölvupóst með meldingu um að aðgangur hafi verið stofnaður. Tölvupósturinn inniheldur sömu upplýsingar og yfirstjórnandi fékk og getur viðkomandi því farið í gegnum sömu „get started“ skref og lýst var hér í byrjun.



SNJALLSÍMAR

1 GÆTTU ÞESS AÐ SÍMINN SÉ UPPFÆRÐUR

Fyrir Android þarf stýrikerfið að vera 1.6 eða nýrra
Fyrir Apple þarf stýrikerfið að vera IOS9.0 eða nýrra

2 SÆKJA APPIÐ





Hafir þú ekki nú þegar náð í appið er hægt að gera það í Google Play Store og Apple App Store án endurgjalds.

Einnig er hægt að stjórna og fylgjast með öryggiskerfinu í Apple úrinu, Apple TV, Amazon Fire TV, Amazon Echo og Google Home.



3 KYNNTU ÞÉR STJÓRNBORÐIÐ



Með einföldu stjórnborði hefur þú heimilskerfið í hendi þér. Þar setur þú öryggiskerfið á vörð og tekur það af verði, stýrir snjalltengjum og öðrum búnaði hvaðan sem er með appinu í símanum.



4 VIRKJAÐU TILKYNNINGAR (NOTIFICATIONS)

Smelltu á Notifications til að fá skjáskilaboð og tilkynningar í tölvupósti. Þú getur breytt og stýrt birtingu skilaboða hvenær sem er.

Tilkynning um að kerfið hafi ekki verið sett á vörð birtist til að minna þig á að virkja kerfið ef þú ert ekki heima:




Opna þarf hliðarvalmynd > Velja Notifications

Ýta þarf á takkann Push Notifications og hann verður blár.

5 VIRKJAÐU SVÆÐISSKIPANIR (GEO-SERVICES)

Með svæðisskipunum getur þú skilgreint sjálfvirkar aðgerðir og tilkynningar sem taka mið af staðsetningu símans. Þannig færðu t.d. sjálfvirka tilkynningu ef síminn þinn er í tiltekinni fjarlægð frá heimilinu án þess að öryggiskerfið hafi verið virkjað.



● HVERNIG Á AÐ SKIPTA UM AÐGANGSORÐ

Stillingar > Innskráningarupplýsingar > Lykilorð

● HVERNIG Á AÐ SKIPTA UM NOTENDANAFN

Stillingar > Innskráningarupplýsingar > Innskráningarnafn

● HVERNIG Á AÐ SKIPTA UM TÖLVUPÓSTFANG

Stillingar > Innskráningarupplýsingar > Tölvupóstfang

● HVERNIG Á AÐ BREYTA NÖFNUM Á SKYNJURUM

Stillingar > Stjórna tækjum > Öryggi

● SAMEINA AÐGANGA

Stillingar > Innskráningarupplýsingar > Tengja kerfi

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu okkar www.heimavorn.is
Þjónustuver sími: 580 7000